



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

STARFSLEYFI

fyrir gististað; minna gistiheimili (Bylgja Guesthouse) að Lokastíg 28A, F2006026, rými 01 0101.

Nafn leyfishafa: Bylgja Guesthouse ehf.

Heimilisfang: Lokastígur 28A, 101 Reykjavíkurborg

Kennitala: 690822-1640

Gildir frá: 22. desember 2025

Gildir til: 22. desember 2037

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir gististaði.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sækir um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, 22. desember 2025





Greinargerð með starfsleyfi fyrir minna gistiheimili Bylgju Guesthouse að Lokastíg 28a.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur auglýsti drög að starfsleyfi fyrir gististað; tegund minna gistiheimili, Bylgja Guesthouse að Lokastíg 28a þann 21. nóvember 2025 ásamt eftirtöldum gögnum: Umsókn um starfsleyfi, Drögum að starfsleyfi, Starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir gististaði, Rekstrarleyfisumsókn Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu og Jákvæðri umsögn byggingarfulltrúa um að húsnæði og fyrirhuguð starfsemi gististaðarins séu í samræmi við byggingarreglugerð og skipulag.

Frestur til að koma með skriflegar athugasemdir var til 19. desember 2025. Umsækjandi um starfsleyfi er Bylgja Guesthouse ehf., kt. 690822-1640.

Engar athugasemdir bárust vegna fyrirhugaðs rekstrar minna gistiheimilis að Lokastíg 28a.

Umsókn Bylgju Guesthouse ehf., kt. 690822-1640, dags. 7. nóvember 2025, að loknu auglýsingaferli, var lögð fyrir 1881. afgreiðslufund Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur þann 22. desember 2025, um starfsleyfi fyrir gististað; minna gistiheimili (Bylgja Guesthouse) að Lokastíg 28a, F2006026, rými 01 0101. Ný starfsemi. Samþykkt var að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir gististaði*.

Reykjavík, dags. 10.04.2026

Aron Jóhannsson, heilbrigðisfulltrúi